

Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs
62. fundur, símafundur haldinn kl. 20, 19. febrúar 2014

Mættir: Björn Ármann Ólafsson, Ruth Magnúsdóttir, Jóhann Þórhallsson og Skúli Björn Gunnarsson. Einar Kr. Haraldsson og Þórhallur Þorsteinsson boðuðu forföll. Jafnframt sat fundinn Agnes Brá Birgisdóttir þjóðgarðsvörður.

Dagskrá:

- 1. Krepputunga**
- 2. Möðrudalur, bréf til sveitarfélaga**
- 3. Næsti fundur svæðisráðs**

Björn Ármann stýrði fundi og setti hann kl. 20.05.

1. Krepputunga

Farið yfir lokadrög að auglýsingu um lýsingu á fyrirhugaðri breytingu á stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs. Allir svæðisráðsmenn voru búnir að fara yfir drögin og þau samþykkt án athugasemda. Þjóðgarðsverði falið að koma auglýsingunni í birtingu. Svæðisráð vill halda sig við að ljúka fundum með hagsmunaaðilum í mars. Þjóðgarðsverði falið að setja upp fundaplan vegna þeirra.

Fyrir fundinum lágu einnig drög að hagsmunaaðilagreiningu. Skúli Björn lagði til að inn í þá greiningu yrði bætt samtökum veiðimanna og leiðsögumönnum með hreindýraveiðum þó að þeir eigi ekki ríka hagsmuni á Krepputungusvæðinu og muni því flokkast með lítið mikilvægi í greiningunni. Þjóðgarðsverði falið að bæta þeim við.

2. Möðrudalur, bréf til sveitarfélaga

Fyrir fundinum lágu drög að bréfi sem svæðisráð sendir til sveitarfélaga vegna fyrirhugaðrar upplýsingamiðstöðvar í Möðrudal. Fundarmenn gerðu ekki athugasemdir við það og var þjóðgarðsverði falið að senda það til sveitarfélaganna fimm og undirrita fyrir hönd svæðisráðs.

3. Næsti fundur svæðisráðs

Framundan er fundaröð hjá svæðisráði vegna Krepputungu, bæði opnir fundir og lokaðir. Næsti fundur svæðisráð verður í tengslum við það og kemur inn í fundaplanið sem rætt var um í lið 1.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 20.35.

Björn Ármann Ólafsson

Skúli Björn Gunnarsson fundarritari

Jóhann F. Þórhallsson

Ruth Magnúsdóttir